



Tillaga stýrihóps um akstur hóp bifreiða með ferðamenn í miðborginni

Inngangur

Sett hefur verið takmörkun á akstur stórra hóp bifreiða í miðborginni. Safnstæði voru merkt á 12 stöðum árið 2016 þar sem stórar hóp bifreiðar geta stöðvað í allt að 5 mínútur til að ferma/afferma. Sjá kort að neðan. Drög að reglugerð um gjaldtöku af þessum safnstæðum hafa verið send innanríkisráðuneytinu og fyrirkomulag gjaldtöku er í vinnslu.

Umhverfis- og skipulagsráð skipaði í september 2016 stýrihóp til að þróa og leggja fram tillögu að stefnu um akstur með ferðamenn um miðborgina og ásamt aðgerðaáætlun.

Í stýrihópinn voru skipuð þau Gísli Garðarsson, Hjálmar Sveinsson og Hildur Sverrisdóttir. Halldór Halldórsson tók sæti Hildar í hópnum í byrjun mars 2017.



Vinnsluferli tillögu

Þann 9. nóvember 2016 hélt stýrihópurinn samráðsfund með fulltrúum Íbúasamtaka miðborgar, hverfisráðs miðborgar og rekstraraðila í miðborginni ásamt fulltrúum úr fagnefndum Samtaka ferðapjónustunnar og fleiri aðilum. Verkefni hópsins var kynnt og rætt. Í lok fundar óskaði stýrihópur eftir skriflegum tillögum frá samráðsaðilum. Á samráðsfundi sömu aðila þann 7. desember var farið yfir þær tillögur sem bárust. Samtök ferðapjónustunnar og Íbúasamtök miðborgar skiluðu sameiginlegri tillögu um aksturleiðir



hópbifreiða og fjölgun safnstæða. Miðborgin okkar skilaði tillögu um að umferð hópbifreiða yrði takmörkuð verulega í Kvosinni og vestari hluta miðborgarinnar og beint að einum vel völdum stað fyrir framan Tollstjórahusið í Tryggvagötu.

Stýrihópur fól VSÓ Ráðgjöf að greina tillögu Samtaka ferðaþjónustunnar og Íbúasamtaka miðborgar, greina aðgengi að safnstæðum m.v. staðsetningu gistirýma o.fl. þætti. Stýrihópurinn fékk VSÓ Ráðgjöf til að vera hópnum innan handar við mat á öðrum útfærslum sem greindar voru með sama hætti. Í greiningunni er horft á gististaði með fleiri en 10 gistirými sem staðsett eru á svæðinu norðan Hringbrautar og vestan Lönguhlíðar/Nóatúns. Innan þessa svæðis eru um 10.100 gistirými, um 45% skráðra gistirýma á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður greiningarvinnu VSÓ Ráðgjafar er að finna í meðfylgjandi minnisblaði.

Á fundi með lögreglunni þann 21. febrúar fóru starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs yfir framkomin gögn og ræddu lagaleg úrræði og eftirfylgni.

Á samráðsfundi stýrihóps með fulltrúum íbúasamtaka miðborgar, hverfisráðs miðborgar og rekstraraðila í miðborginni ásamt fulltrúum úr fagnefndum Samtaka ferðaþjónustunnar og fleiri aðilum þann 1. mars voru tillögur stýrihópsins á vinnslustigi kynntar og ræddar auk þess sem fulltrúi VSÓ Ráðgjafar kynnti niðurstöður greiningarvinnu.

Í kjölfar þess samráðs- og vinnsluferlis sem hér er lýst lauk stýrihópur við þá tillögu sem hér er kynnt á vinnslustigi. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum skal skila til umhverfis- og skipulagssviðs fyrir **27. mars** næstkomandi á netfangið usk@reykjavik.is með efnislínunni: *Tillaga stýrihóps um akstur hópbifreiða í miðborginni*. Í kjölfarið verður endanleg tillaga stýrihóps lögð fyrir umhverfis- og skipulagsráð.

Tillaga stýrihóps um akstur hópþingreiða með ferðamenn í miðborginni

Tillaga til kynningar

Stýrihópur leggur til að akstursleiðir hópþingreiða og staðsetningar safnstæða í miðborginni verði með þeim hætti sem sjá má á mynd að neðan. Þetta fyrirkomulag verði tekið til endurskoðunar innan tveggja ára í samráði við hagsmunaaðila.



Akstursleiðir

Akstursleiðir hópþingreiða með ferðamenn í tillögu stýrihóps taki mið af því aðalgaðnakerfi og aksturleiðum almenningssamgangna sem skilgreindar eru í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Með skilgreindum akstursleiðum verði akstursskipulag rútuþingreiða einfaldað auk þess sem dregið verði úr ónæði af rútuumferð og stuðlað að auknu umferðaröryggi. Eins og sjá má á myndinni verði miðað við að hópþingreiðar með ferðamenn aki einungis um valdar götur þar sem safnstæðum hefur verið komið fyrir eða verði komið fyrir. Ekið verði upp Eiríks götu og niður Njarðargötu, upp Ingólfsstræti og Hverfisgötu. Ekið verði norður Hofsvallagötu og austur Túngötu og Vonarstræti. Umferð hópþingreiða verði heimil í báðar áttir á öðrum akstursleiðum sem sýndar eru á myndinni.



Bannsvæði

Hópbifreiðum verði óheimilt að aka um götur innan þeirra svæða sem skyggð eru á mynd að ofan. Bannsvæði fyrir hópbifreiðar lengri en 8 metra verði stækkað frá Lækjargötu og vestur að Ægisgötu. Bannsvæðið afmarkist af Tryggvagötu og Túngötu/Suðurgötu/Vonarstræti að sunnanverðu. Bannið gildi fyrir stærri og minni hópbifreiðar með ferðamenn (flokkur I og flokkur II)¹ og sérútbúnaðar jeppabifreiðar með yfir 36“ dekk.

Safnstæði

Safnstæðum fyrir hópbifreiðar verði fjölgað úr 16 (á 12 stöðum) í 27 (á 15 stöðum). Safnstæði við Hverfisgötu, Vonarstræti og Eiríksgötu verða staðsett í samræmi við akstursstefnur hópbifreiða. Staðsetningar sem miðað er við í greiningu á tillögunni eru sýnd á mynd að ofan.

Með þessu fyrirkomulagi akstursleiða og safnstæða fæst eftirfarandi þjónustustig skv. greiningu VSÓ Ráðgjafar (vestan Lönguhlíðar/Nóatúns og norðan Hringbrautar):

80% gistirýma verða í innan við 200 m fjarlægð frá næsta safnstæði (loftlína).

95% gistirýma verða í innan við 300 m fjarlægð frá næsta safnstæði (loftlína).

¹ Hópbifreiðar I eru með skráða leyfða heildarþyngd 5000 kg eða minna og hópbifreiðar II eru með skráða leyfða heildarþyngd meira en 5000 kg.